

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum, útgefin á venjulegan hátt, af mandatum, af dómsmálaráðherra, 29. mars 1984.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sunnusjóð til hjálpar fjölfötluðum börnum.

Við undirrituð, Ingibjörg Guðmundsdóttir og Sverrir Sigurðsson, Sævangörðum 1, Seltjarnarnesi stofnum með eftirfarandi skipulagsskrá sjóð:

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sunnusjóður með lögheimili í Reykjavík. Markmið hans er að bæta aðstæður til kennslu og þjálfunar fjölfatlaðra barna í Safamýrarskóla í Reykjavík.

2. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 50 000,00 — fimmtíu þúsund — er myndar höfuðstól sjóðsins. Höfuðstóll þessi skal vera óskertur en vöxtum af honum ásamt síðari fjárframlögum til sjóðsins skal árlega varið til kaupa á hjálpartækjum handa fjölfötluðum og/eða til að bera hluta af kostnaði af menntun kennara eða annars starfslíðs Safamýrarskóla í sérhæfðum aðferðum við kennslu og þjálfun alvarlega fjölfatlaðra.

4. gr.

Sjóðinn skal ávaxta á þann hátt sem stjórn sjóðsins þykir henta á hverjum tíma.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn, kosnir til þriggja ára í senn á aðalfundi Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla.

Verði sjóðurinn án stjórnar eða stjórn hans ekki fullskipuð á einhverjum tíma tilnefni heilbrigðismálaráðherra stjórnarmenn.

6. gr.

Stjórn sjóðsins kemur saman þegar þörf krefur og fjallar um tillögur til fjárveitinga úr sjóðnum.

Stjórnin skal halda gerðabók um úthlutanir úr sjóðnum.

7. gr.

Sjóðstjórn semur reikninga sjóðsins árlega. Reikningsár sjóðsins er almannaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Einfaldur meirihluti ræður ákvörðunum innan sjóðsins. Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt vegna breyttra aðstæðna, enda liggi fyrir samþykki stjórnar og samþykki tveggja þriðju hluta félagsfundar Foreldra- og kennarafélags Safamýrarskóla. Slíkar breytingar skulu hljóta samþykki forseta Íslands.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.